



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Höfuðborgarsvæðið, 10. nóvember 2025
Erindi vegna lagafrumvarps mál nr.106

Áskorun til Alþingis vegna frumvarps til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Nú er til meðferðar Alþingis endurflutt frumvarp um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), hefur tvívegis sent umsögn um frumvarpið. Undirrituð vilja árétta að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa mikinn metnað til að sinna þjónustu við fatlað fólk með vönduðum hætti, en rúmlega 90% af þjónustunni fellur til á höfuðborgarsvæðinu. Undirrituð lýsa yfir stuðningi við lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Bent er á mikilvægi þess að ríkið vinni sérstakt kostnaðarmat um áhrif lagasetningarinnar, sbr. 129.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, en slíkt mat hefur ekki verið unnið. Samtökin lýsa sig reiðubúin til samstarfs við slíkt mat. Samkvæmt greiningu sem SSH lét vinna vegna frumvarpsins á vormánuðum 2025 er áætlaður viðbótarkostnaður allt að 14 milljarðar á ári og er hér því um mikilvægt hagsmunamál fyrir fatlað fólk að ræða og þar með samfélagið allt.

Í ljósi þess sem að framan segir skora undirrituð á Alþingi að fram fari samtal á milli ríkis og sveitarfélaga um hvernig verði staðið að fjármögnun málaflokksins hið fyrsta og eðlilegast er að það sé gert áður en til lögfestingar samningsins kemur.

SSH lýsa sig þá að sjálfsögðu reiðubúin til að gera enn á ný frekari grein fyrir máli sínu.

Undirrituð,

Almar Guðmundsson
Bæjarstjóri Garðabæjar

Ásdís Kristjánsdóttir
Bæjarstjóri Kópavogsbæjar

Heiða Björg Hilmisdóttir
Borgarstjóri Reykjavíkur

Regína Ásvaldsdóttir
Bæjarastjóri Mosfellsbæjar

Valdimar Víðisson
Bæjarstjóri Hafnarfjarðar

Þorbjörg Gísladóttir
Sveitarstjóri Kjósarhrepps

Þór Sigurgeirsson
Bæjarstjóri Seltjarnanesbæjar

Frekari upplýsingar,
Páll Björgvin Guðmundsson
Framkvæmdastjóri SSH
pallbg@ssh.is